

Viðauki 7:
Umsagnir og athugasemdir við
frummatsskýrslu – Urðarbotn og Sniðgil



4. apríl 2016

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umsögn um frummatsskýrslu vegna ofaflóðavarna á Norðfirði, Urðarbotn og Sniðgil

Tilvísun Skipulagsstofnunar: 20601127 / 5.3, sbr. erindi dags. 10.3.2016

Af hálfu HAUST hefur verið farið yfir frummatsskýrslu verkfræðistofunnar Eflu um ofanflóðavarnir á Norðfirði – Urðarbotn og sniðgils.

Verkefni HAUST í þessu máli lúta að framkvæmdatímabilinu, aðallega vernd neysluvatns og hávaðavörnum auk þess sem HAUST mun koma að útgáfu starfsleyfa og eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi

Í skýrslunni er tekið fram að sérstaklega verði hugað að vernd neysluvatnstanks og lögunum til og frá tankinum. Af hálfu HAUST verður að leggja mikla á herslu á að vel sé vandað til verka, enda er öruggt neysluvatn forsenda byggðar og matvælaframleiðslu í nánast öllum firðinum.

Ekki verður betur séð en að áform séu um að leiða læki undir væntanlega varnargarða og halda sem mest upprunalegum lækjarfarvegum, sem er jákvætt.

Hávaði verður nokkur á framkvæmdatíma, en með fræðslu, samráði við íbúa og takmörkunum sprengingum við dagvinnutíma er greinilegt að áform eru um að lágmarka það ónæði sem íbúar verða fyrir.

Í kafla 3.3.3 í skýrslunni er tekið fram hvaða leyfi þurfi frá HAUST og þykir sá listi vera fullnægjandi af hálfu HAUST, enda vísað í viðkomandi reglugerðir hvað það varðar.

Ekki verður annað séð en að tekið hafi verið tillit til ábendinga frá HAUST í umsögn um tillögu að matsáætlun frá nóvember 2015. Af hálfu HAUST eru því ekki aths. eða ábendingar hvað varðar frummatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,


Helga Hreinsdóttir
frkvstj. HAUST

Sent í tölvupósti til valur@skipulag.is



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2016
MÍ201511-0011/ 6.07 / K.M.


Efni: Ofanflóðavarnir á Norðfirði, neðan Urðarbotns og Sniðgils.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf Skipulagsstofnunar frá 10. mars. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.3 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram hafa fornleifar verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fornleifafræðistofan skráði fornleifarnar á framkvæmdasvæði ofanflóðavarna neðan Urðarbotns og Sniðgils og neðan Nes- og Bakkagilja. Engar fornleifar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði neðan Urðarbotns og Sniðgils.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofanflóðavarna neðan Urðarbotns og Sniðgils á Norðfirði. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*


Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnstýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson,
sérfræðingur
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK



Garðabær, 07. apríl 2016
2016030013/42-2
TB
jgo/tb

Ofanflóðavarnir ofan Neskaupstaðar í Norðfirði

Visað er til tveggja bréfa frá Skipulagsstofnun, bæði dagsett 10. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tvær frummatsskýrslur um ofanflóðavarnir við Neskaupstað annars vegar neðan Nes- og Bakkagilja og hins vegar neðan Urðarbotns og Sniðgils. Þar sem þessar tvær framkvæmdir/ofanflóðavarnir eru á sama svæði, eðli þeirra það sama og auk þess að miklu leiti fjallað um bæði svæðin sameiginlega í frummatsskýrslunum þá hefur Náttúrufræðistofnun ákveðið að gefa eina umsögn um bæði svæðin. Einnig má benda á að niðurstöður rannsókna um gróður og fuglalíf, sem Náttúrustofa Austurlands framkvæmdi, eru birtar í einni skýrslu fyrir bæði svæðin.

Ofanflóðavarnir eru að mörgu leiti ólíkar öðrum framkvæmdum að því leiti að þær snúa að náttúruvá og almannavörnum, þ.e. í þessu tilfelli að koma í veg fyrir tjón af völdum snjóflóða. Og auk þess eru áhrif varnanna á umhverfið að stórum hluta vegna framkvæmdanna sjálfra á landslag og búsvæði plantna og dýra og um leið upplifun íbúa af vörnunum en, ef það má orða það svo, þá mun „rekstur“ ofanflóðavarna á svæðinu ekki hafa frekari áhrif á umhverfið umfram það sem verður við byggingu þeirra. Áhrif á náttúruna og umhverfið ráðast því að stórum hluta af náttúruverndargildi þess svæðis sem lagt er undir varnirnar en ekki t.d. af langtíma áhrifum nema að varnirnar hafi í för með sér verulegar breytingar á mikilvægum vistkerfum eða vistfræðilegum ferlum og þar með jafnvel áhrif á mikilvæga þjónustu vistkerfa.

Gera má ráð fyrir að með réttum áherslum í endurheimt gróðurs megi endurheimta að stórum hluta það rask sem verður á svæðinu og að einhverju leiti endurheimta náttúrulegan gróður. Á svæðinu er töluverð skógrækt og einnig hefur verið aukning í útbreiðslu ágengra tegunda s.s. lúpínu og skógarkerfils. Að þessu leiti hefur svæðinu nú þegar verið raskað. Lagt er til í frummatsskýrslunum að koma í veg fyrir útbreiðslu ágengra tegunda eins og hægt er m.a. vegna útivistar. Fram kemur í gögnum Náttúrustofu Austurlands að minni breytingar hafi orðið á fuglalífi en gert hafi verið ráð fyrir eftir byggingu fyrri ofanflóðavarna. Engar tegundir válistaplantna fundust á framkvæmdasvæðinu og engar fágætar jarðmyndanir. Áhrif á umhverfið verða mestar á framkvæmdatíma, breytingar verða á búsvæðum t.d. fugla en trúlega mun svæðið jafna sig að mestu. Svæðið er utan fólkvangs Neskaupstaðar og engar



aðrar sérstakar náttúruminjar eru þar skráðar.


Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir þau gögn frummatsskýrslunnar sem snúa fyrst og fremst að stofnuninni en það eru náttúrufarsrannsóknir. Stofnunin telur að þær upplýsingar sem eru fyrir hendi um lífríki og jarðfræði svæðisins séu nægar svo halda megi áfram með málið.

Náttúrufræðistofnun telur að þar sem um er að ræða stórt samfelld svæði ofanflóðavarna þá sé eðlilegt að svæðið sé skoðað m.t.t. náttúrufars að nokkrum árum liðnum, t.d. 5 árum eftir að framkvæmdum líkur.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 7. apríl 2016
UST201603-126/B.S.
10.05.06

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Ofnaflóðavarnir á Norðfirði - Urðarbotn og Sniðgil. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Byggður verður 350 m langur garður milli núverandi garða sem staðsettir eru annars vegar neðan Tröllagils og hins vegar neðan Drangagils. Ofan garðsins er ráðgert að reisa 16 keilur. Hér er um sambærileg mannvirki að ræða eins og þau sem fyrir eru.

Framkvæmdasvæði verður um 6 ha og er ráðgert að efnistaka úr skeringum verði alls um 150.000 m³. Hluti þess efnis verður haugsett að nýju á framkvæmdasvæðinu.

Garðurinn verður um 17 m hár neðan við keilur.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar verði sjónræn áhrif og varanleg áhrif á landslag. Stofnunin telur hins vegar að frágangur þeirra mannvirkja sem þegar eru fullfrágengin sýni að með vönduðum frágangi og uppgræðslu er unnt að draga verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri



Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
105 Reykjavík
valur@skipulagsstofnun.is; rut@skipulagsstofnun.is

Dags. 12.4.2016
Mál 2016-107
Tilv. 5618-0-0005
0.5


Með bréfi dags. 10. mars sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar við ofanflóðavarnir á Norðfirði, neðan Urðarbotns og Sniðgils.

Veðurstofan telur ekki tilefni til athugasemda við frummatsskýrslu þessa.

Virðingarfyllt,



Hafdís Karlsdóttir
settur forstjóri VÍ



Neskaupstað 24.04 2016

Við undirrituð Halldór Pétur Ásgeirsson og Björg Friðmarsdóttir íbúar að Blómsturvöllum 15.

Neskaupstað sendum hér með inn athugasemd vegna áformaðra snjóflóðavarnargarða neðan Urðarbotns og Sniðgils.

Íbúðarhúsið að Blómsturvöllum 15 keyptum við hjónin árið 1986 og höfum búið þar síðan.

Eitt af því sem heillaði okkur hvað mest var umhverfið, skógræktin ofan við húsið og lækurinn vinalegi, Konráðslækur.

Hérna höfum við alið upp börnin okkar í náinni snertingu við náttúruna, mikið fuglalíf, stutt í berjamó og ótal margt fleira.

Þegar við fluttum í húsið voru flest trén í skógræktinn ekki mjög hávaxin og eyður víða á milli, sem við byrjuðum strax að planta í. Við höfum hlúð að skóginum alla okkar tíð hérna, gefið unglöntum áburð og klípt til tré sem hafa toppbrotnað ofl.

Við gerum athugasemd við hversu nálægt íbúðarhúsunum fyrirhugaður varnargarður á að koma og sjáum ekki ástæðuna fyrir því.

Með því að hafa varnargarðinn ofar í fjallinu mætti hlífa stærra hluta skógræktarinnar en samkvæmt fyrirliggjandi teikningum sýnist okkur skógræktin nánast öll eyðileggjast.

Einnig langar okkur að varpa fram þeirri hugmynd, hvort ekki mætti gera hleðslu neðan við garðinn, þannig að áhrifasvæðið næði ekki eins langt niður. Þar væri svo hægt að gera skemmtilegt útivistarsvæði, þar sem garðurinn og skógurinn mættust.

Við erum þakklát fyrir að það skuli eiga að verja byggðina en jafn ósátt við að það skuli eiga að fórna jafnmiklum lífsgæðum og raun ber vitni sem við eigum í þessari yndislegu náttúru.

Því eru þetta fráleitar hugmyndir að okkar mati og trúum því að þetta megi endurskoða og finna betri lausnir.

Virðingarfyllt.

Halldór Pétur Ásgeirsson
Björg Friðmarsdóttir

Neskaupstað 24.04 2016

Við undirrituð Halldór Pétur Ásgeirsson og Björg Friðmarsdóttir íbúar að Blómsturvöllum 15 Neskaupstað sendum hér með inn athugasemd vegna áformaðra snjóflóðavarnargarða neðan Urðarbotns og Sniðgils.

Íbúðarhúsið að Blómsturvöllum 15 keyptum við hjónin árið 1986 og höfum búið þar síðan.

Eitt af því sem heillaði okkur hvað mest var umhverfið, skógræktin ofan við húsið og lækurinn vinalegi, Konráðslækur.

Hérna höfum við alið upp börnin okkar í náninni snertingu við náttúruna, mikið fuglalíf, stutt í berjamó og ótal margt fleira.

Þegar við fluttum í húsið voru flest trén í skógræktinn ekki mjög hávaxin og eyður víða á milli, sem við byrjuðum strax að planta í. Við höfum hlúð að skóginum alla okkar tíð hérna, gefið unglöntum áburð og klippt til tré sem hafa toppbrotnað o.fl.

Við gerum athugasemd við hversu nálægt íbúðarhúsunum fyrirhugaður varnargarður á að koma og sjáum ekki ástæðuna fyrir því.

Með því að hafa varnargarðinn ofar í fjallinu mætti hlífa stærri hluta skógræktarinnar en samkvæmt fyrirbyggjandi teikningum sýnist okkur skógræktin nánast öll eyðileggjast.

Einnig langar okkur að varpa fram þeirri hugmynd, hvort ekki mætti gera hleðslu neðan við garðinn, þannig að áhrifasvæðið næði ekki eins langt niður. Þar væri svo hægt að gera skemmtilegt útivistarsvæði, þar sem garðurinn og skógurinn mættust.

Við erum þakklát fyrir að það skuli eiga að verja byggðina en jafn ósátt við að það skuli eiga að fórna jafnmiklum lífsgæðum og raun ber vitni sem við eigum í þessari yndislegu náttúru.

Því eru þetta fráleitar hugmyndir að okkar mati og trúum því að þetta megi endurskoða og finna betri lausnir.


Virðingarfyllst

Halldór Pétur Ásgeirsson

Halldór Pétur Ásgeirsson

Björg Friðmarsdóttir

Björg Friðmarsdóttir




Kolbrún Sigurjónsdóttir

From: Helgi Friðmar Halldórsson <helgifridmar@gmail.com>
Sent: 26. apríl 2016 09:28
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd varðandi fyrirhugaðan snjóflóðavarnargarð í Neskaupstað neðan Urðarbotns og Sniðgils

Góðan dag.

Ég vil gera athugasemd við staðsetningu fyrirhugaðs snjóflóðavarnargarðs neðan Urðarbotns og Sniðgils, samkvæmt teikningu þá er snjóflóðavarnargarðurinn hafður óþarflega neðarlega. Ef snjóflóðavarnargarðurinn yrði færður ofar í fjallið þá yrði hann í meiri sátt við íbúa staðarins. Það er mikil skerðing á lífsgæðum að fá svona snjóflóðavarnargarð alveg ofan í lóðir íbúa.

kv. Helgi Friðmar Halldórsson



Neskaupstað 25.04. 2016

Við undirrituð Kári Hilmarsson og Matthildur Jónsdóttir, íbúar að Blómsturvöllum 11, Neskaupstað sendum hér með inn athugasemd vegna áformaðra snjóflóðavarnargarða neðan Urðarbotns og Sniðgils.


Við teljum að varnargarðurinn komi of nærri byggðinni og þar með fari allur skógur og annar gróður. Fara þyrfti vel yfir hvort ekki mætti færa garðinn ofar í fjallið.

Einnig höfum við miklar áhyggjur af hvaða áhrif sprengingar kunna að hafa á húsið okkar sem stendur á klöpp og hefur mikill hristingur skapast af sprengingum vegna Tröllagilsgarðs og hætt er við að meiri áhrif verði þegar sprengt verður beint fyrir ofan okkur.

Þessi garður verndar örugglega byggðina en vanda verður staðsetningu til að skemma sem minnst.

Virðingarfyllst,

Kári Hilmarsson, Matthildur Jónsdóttir

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 26. apríl 2016
Mátnr.
201601128


Kolbrún Sigurjónsdóttir

From: hronnh <hronnh69@hotmail.com>
Sent: 25. apríl 2016 22:16
To: Skipulagsstofnun
Cc: Hrönn Hjálmarsdóttir
Subject: Athugasemdir við frummatsskýrslu um ofanflóðavarnir á Norðfirði frá mars 2016

Eftir skoðun mína á ofangreindri skýrslu hef ég eftirfarandi athugasemdir/spurningar:

1. Fullyrt er að jarðvegsfleki sé á hreyfingu. Hvaða mælingar sýna að svo sé og á hversu löngum tíma stóðu þær mælingar yfir? Óskað er eftir niðurstöðum þeirra.
2. Fullyrt er að búast megi við aurflóði á 10 ára fresti. Hvaða rök eru fyrir því og sérstaklega þegar haft er í huga, eins og kemur fram í skýrslunni, að síðasta aurflóð, svo vitað sé, átti sér stað fyrir meira en 65 árum?
3. Í téðri skýrslu kemur fram að umræddur jarðvegsflegi sé í um 600 m hæð yfir sjávarmáli. Hvaða rök eru fyrir því að byggja skuli varnargarða eins neðarlega í fjallinu og fram kemur á teikningum/í skýrslunni?
4. Komi ekki tilhlíðileg svör við ofangreindum spurningum, lýsir undirritaður yfir að ekki sé unnt að sættast á þær fyrirhuguðu framkvæmdir sem tilgreindar eru í umræddri frummatsskýrslu.


Virðingarfyllt
Hjálmar Ólafsson
Blómsturvöllum 7
740 Neskaupstað



Kolbrún Sigurjónsdóttir

From: zannyks@visir.is
Sent: 25. apríl 2016 22:15
To: Skipulagsstofnun
Subject: athugasemd

Við íbúar að Blómsturvöllum 14 ytri enda, 740 Neskaupstað gerum athugasemd við að ofanflóðavarnir vegna Urðarbotna og Sniðgils eru að okkar mati of nálægt efstu húsum í götunni, Ólafur Bjarnason og Zanný K. Sigurbjörnsdóttir



Reykjavík 25.04 2016

Ég undirrituð Kristín Hrönn Halldórsdóttir sendi hér með inn mótmæli vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna neðan Urðarbotns og Sniðgils í Neskaupstað.

Ég ólst upp hjá foreldrum mínum að Blómsturvöllum 15 í nánnum tengslum við náttúruna og það yndislega umhverfi sem þar er. Náttúran og umhverfið er eitt af því sem togar í mann að koma aftur heim til Neskaupstaðar og njóta þess að anda að sér ferska loftinu og fá sér göngutúra upp í skógræktina sem er fyrir ofan heimilið mitt, skógræktina sem virðist eiga að eyðileggja, miðað við teikningu á framkvæmd.

Ég á mjög erfitt með að sætta mig við að það fallega umhverfi sem ég ólst upp í verði eyðilagt með garðskrímsli rétt ofan við húsið okkar. Mér finnst það vond tilhugsun að mín börn fái ekki að njóta þess sem ég naut í æsku.

Einnig finnst mér rétt að benda á að fyrirhugaðar framkvæmdir eru nánast á lóðamörkunum, sem kemur til með að hámarka hávaða og hættu sem stafar af framkvæmdunum. Aftur á móti stendur „gamli“ garðurinn utan við, mun hærra og lengra frá byggð og því tilvalið að færa þessar framkvæmdir ofar og láta nýja garðinn koma í framhaldinu af þeim gamla, búa þannig til skemmtilegt útivistarsvæði, bjarga skógræktinni og koma til móts við bæjarbúa. Ég vil samt meina að ósnert íslensk náttúra sé alltaf skemmtilegasta útivistarsvæðið og sé ég enga ástæðu til þess að reisa þessa snjóflóðavarnagarða.

Eins og ég kom að í upphafi, er ég uppalin í Neskaupstað en flutti til Reykjavíkur til að stunda háskólanám. Í öllum mínum fríum reyni ég að fara heim til Neskaupstaðar og þrátt fyrir að tilfinningin að koma heim sé alltaf jafn góð, þá vandist það aldrei að sjá rísa stórt drullufjall um leið og komið var inn í bæinn. Vissulega er búið að græða drullufjallið að stærstum hluta núna og leggja þar göngustíga sem gaman er að ganga, en einhvern tímann þarf að láta gott heita og trúi ég að sá tími sé kominn.


Ég vil því með þessu bréfi, biðja ykkur að endurskoða þessar framkvæmdir vel og vandlega. Skógræktin og náttúran í kringum heimilin okkar á Blómsturvöllum er okkur íbúunum ómetanleg og þessar fyrirhuguðu framkvæmdir setja svartan blett á þær minningar sem ég á frá minni barnæsku í þessu umhverfi, m.a. frá gróðursetningu trjána sem á einni svipan á að ryðja niður.

Ég mótmæli því þessum fyrirhuguðu framkvæmdum harðlega.

Virðingarfyllst,

Kristín Hrönn Halldórsdóttir

Blómsturvöllum 15



Neðangreindir aðilar gera eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrslu Eflu í mars 2016, á mati á umhverfisáhrifum ofanflóðavarna við Nesgil og Bakkagil. Ýmsar neðangreindar athugasemdir eiga einnig við framkvæmd við Urðabotna.

Athugasemd 1 - Rannsóknir á áhrifum grunnvatns vegna framkvæmda

Í kafla 3.3.6.3 er rætt um frárennsli á garðsvæði og áhrif þess á eignir neðan garðs. Allt orðalag þessa kafla bendir til þess að engar athuganir hafi verið gerðar á núverandi stöðu grunnvatns og áhrif þeirra breytinga sem garðurinn og jarðrask hefur á eignir neðan garðs. Afar óljóst orðalag grefur undan trúverðuleika þessa kafla.

Þar er meðal annars tekið fram:

“Talið er að óverulegar breytingar verði á afrennsli svæðisins neðan garðs og ekki líklegt að rennsli um Nes- og Bakkalæk aukist við framkvæmdir nema mögulega tímabundið í upphafi verks. Garðurinn gæti haft áhrif á stöðu grunnvatns við efstu hús ofan Mýra. Mögulegar breytingar á grunnvatnsstöðu ættu þó ekki að valda sigi á húsum þar sem efstu húsin eru grunduð á klöpp/grafin á fast. Sig á lóðum gæti þó átt sér stað þar sem jarðvegi var ekki skipt út fyrir árefni á byggingartíma. Lagt er til að fylgst verði með þessu á framkvæmdatíma og eftir að verki lýkur.”

Eins og sjá má á þessum texta er orðalag afar óljóst. Talið er...ekki líklegt...nema mögulega tímabundið í upphafi...gæti haft áhrif...mögulegar breytingar ættu þó ekki... Sig á lóðum gæti þó átt sér stað.

Áður en lagt er í slíkar framkvæmdir verður að teljast eðlileg krafa af húseigendum í nágrenni garðsins að rannsóknir séu gerðar sem lágmarki áhættu á að breytingar á grunnvatni valdi sigi eða öðrum skemmdum á húsunum. Í skýrslunni er einungis lagt til að fylgjast með á framkvæmdartíma og eftir að verki lýkur, en ekki er tilgreint hvernig eigi að fylgjast með breytingunum, né hversu lengi.

Í skýrslunni er ekki vísað til neinna rannsókna sem gerðar hafa verið á skemmdum á húsnæði við gerð annarra varnargarða á Íslandi vegna breyttrar grunnvatnsstöðu. Nýlegt dæmi er um að húseignir á Ísafirði hafi sigið vegna breyttrar grunnvatnsstöðu og breytinga á frárennsli vatns neðan garðs. Að auki sýna nýleg dæmi um landssig á vegi um Oddsskarð, hversu mikilvægt er að rannsaka mögulegt jarðsig á svæðinu vegna framkvæmdanna, en sá vegur liggur einmitt um mýrlendi, ekki ósvipuðu því sem varnargarðurinn verður reistur á.

Í kafla 5.4.3 er lauslega talað um að garðurinn geti haft áhrif á grunnvatnsstöðu við efstu hús í Mýrarhverfi en þó er talið að það muni einungis hafa áhrif á sig lóða á svæðinu, án þess þó að vísað sé til neinna rannsókna. Er í skýrslunni talið að húsin við Hrafnsmýri séu grunduð á klöpp. Ekki er að finna upplýsingar né rökleiðslu á áhrifum garðsins á grunnvatnsstöðu vegna húseigna í Bakkahverfinu.

Athugasemd 2 - Frárennsli yfirborðsvatns

Fráveitu yfirborðsvatns hjá snjóflóðavarnargörðum hefur verið mikið til umræðu eftir flóðin miklu í lok árs 2015 þar sem frárennislagnir neðan varnargarða höfðu engan vegin undan öllu því vatni sem flæddi og stórskemmdi götur og húsnæði bæjarins. Á kynningarfundum um áhrif framkvæmdanna kom fram að ofanflóðasjóður telur þann kostnað ekki liggja hjá sér, þótt augljóst sé að vegna varnargarðsins sé verið að veita fleiri farvegum yfir í einn farveg, og frárennsli bæjarsins verði að geta tekið við því vatnsmagni í leysingum og miklum rigningum.

Í kafla 3.3.6.4 er tekið fram að færa þurfi raf- og vatnslagnir á vestanverðu framkvæmdasvæðinu og tjaldsvæði. Ekki er í skýrslunni útskýrt hvernig eða hvert eigi að færa þessar lagnir, né hver muni bera kostnaðinn af því.

Þar sem töluverður kostnaður getur falist í færslu þessara lagna og breytinga á öðrum lögnum skal taka fram hvaða breytingar verða framkvæmdar, hver kostnaður sé af slíkum breytingum og hver beri kostnaðinn. Eðlilegt hlýtur að teljast að framkvæmdin sem slík beri þennan kostnað enda er hann afleiðing af framkvæmdinni.

Athugasemd 3 - Réttindi húseigenda vegna mögulegra skemmda tengdum framkvæmdum

Réttur húseigenda vegna langtímaáhrifa á grunnvatnssstöðu og mögulegum skaða sem breytingarnar geta valdið á fasteignum í nágrenni garðsins. Í ljósi þess að engar rannsóknir hafa verið gerðar á mögulegum breytingum á grunnvatnssstöðu og áhrifum þess á húsnæði liggur beinast við að óska eftir því hvert ferlið sé fyrir húseigendur til að tryggja eftirfarandi atriði:

- * Hvernig er staðið að því að meta húsnæði fyrir framkvæmdirnar og hver sér um slíkt mat?
- * Hverjir geta sótt rétt sinn til að láta meta húsnæði sitt fyrir framkvæmdir?
- * Hver bætir fyrir það tjón sem eignir geta orðið fyrir vegna framkvæmdanna?
- * Hversu lengi eftir að framkvæmdatíma lýkur geta húseigendur fengið bætt tjón sem rekja má til framkvæmdanna?
- * Hvaða sönnunarbyrði hvílir á húseigendum til að sækja skaðabætur?

Eins og sjá má á listanum hér að ofan er ýmsum spurningum ósvarað þegar kemur að mögulegum áhrifum framkvæmda á eignir neðan garðsins. Þessar spurningar eru um margt mikilvægar því allir þessir þættir hafa áhrif á verðmæti eignanna.

Einnig hefur kostnaður sá sem getur hlotist af skemmdum við eignir ekki verið metin, enda engar rannsóknir framkvæmdar sem meta möguleg áhrif við framkvæmdir.

Athugasemd 4 - Mat á mögulegum valkostum

Einungis tveir valkostir voru hafðir til hliðsjónar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Valkostur 1 er að byggja 550 metra langan keilugarð, 14-20 metra háan, með tveimur keiluröðum af samtals 20 keilum. Valkostur 2 eru uppkaup á húsnæði á hættusvæði C, samtals 26 hús. Valkostur 1 er aðalvalkostur framkvæmdaraðila.

Aðrar lausnir sem fram komu í frumathugun voru ekki metnar til umhverfisáhrifa og því ekki kynntar sem slíkar í frummatsskýrslunni. Í kafla 3.2.3 eru kynntar aðrar leiðir sem fram komu við frumathugun. Þær eru eftirfarandi:

- a) Upptakastoðvirki og lágir varnargarðar
- b) Leiðigarður
- c) Pvergarður án keilna

Leið a) þótti of kostnaðarsöm og var kostnaður talinn vera upp tvöfaldur á við aðalvalkost, eins og sjá má í kafla 3.2.3.1. Leið b) þótti ekki heppileg þar sem beina þyrfti flóði í gegnum þetta íbúðabyggð. Leið c) þótti ekki vænlegur þar sem varnargaður þyrfti að vera á bilinu 24-31 metra hár.

Við frumathugun var ekki kannað hvort hægt væri að setja upp upptakastoðvirki eingöngu eða með súlum eða leiðigörum ofarlega í fjallinu.

Ljóst er að sú leið sem valin er hefur gríðarleg umhverfisleg áhrif á svæðið, eignir og íbúa í nágrenni garðsins. Ljóst er að umhverfisleg áhrif annarra leiða með upptakastoðvirkjum gæti haft mun minni umhverfisleg áhrif á fasteignir og náttúru fjallshlíðarinnar ofan við bæinn. Það er einskær vilji undirritaðra að nánari umhverfisathuganir fari fram á öðrum valkostum óháð kostnaði.

Þess ber að geta að miðað við opinberar tölur frá Sviss varðandi upptakastoðvirki þá er kostnaður þeirra uppgefinn sem tæplega 130 milljónir á hvern hektara. Upptakasvæðin eru rúmlega 20 hektarar sem gerir um 2.6 milljarða í stað þeirra 1.8 milljaraða sem kostnaðaráætlun ráðgerir við varnagarð og keilur. Kostnaðaráætlun í frumathugunarskýrslu Verkís er 4 milljarðar. Umhverfisleg áhrif af eingöngu upptakastoðvirkjum er margfalt minni en varnargarðsins og þá sérstaklega varðandi breytingar grunnvatns, frárennsli og eyðileggingu gróins lands.

Við myndum gjarnan vilja sá kostnaðaráætlanir og umhverfismat á eftirfarandi leiðum:

- 1) Upptökustoðvirki
- 2) Varnagarðar ofar í fjallinu
- 3) Leiðigarðar sem hægja eða brjóta upp snjóflóðin ofarlega í fjallinu
- 4) Styrkingar á efstu húsum eða manngerð virki í nánd þeirra
- 5) Ýmsar samsetningar af leiðum hér að ofan

Athugasemd 5 - Margföldunaráhrif umhverfisáhrifa sameiginlegra varnargarða

Heildarumhverfisáhrif allra varnargarðanna á nánustu náttúru bæjarins og ásýnd. Ljóst er að ásýnd bæjarins hefur breyst mikið með tilkomu varnargarðanna og mun gera enn meir með tilkomu tveggja nýrra varnargarða. Ekki þykir sýnt í núverandi frummatsskýrslum að skoðað hafi verið heildrænt þau umhverfisáhrif sem allir garðarnir muni valda.

Til dæmis hefur fjöldi trjáa þegar verið felld og enn fleiri verða felld við gerð nýrra varnargarða. Berjaland sem var víðast hvar aðgenilegt fyrir ofan bæinn mun hverfa að mestu leyti.

Áhrif einstakra garða kann að virðast lítill eða óverulegur en þegar allt bæjarstæðið er varið af varnargörðum eru umhverfisáhrifin meiri en sem nemur summu einstakra garða.

Þessi margföldu umhverfisáhrif koma hvergi fram í frummatsskýrslu.

Athugasemd 6 - Samanburður við varnavirki erlendis

Snjóflóðavarnir á Íslandi hófust fyrst af einhverju marki eftir að snjóflóðin í Súðavík og Flateyri féllu með stuttu millibili árið 1995. Undarlegt verður að teljast að ekki skuli vera horft til þeirra landa sem snjóflóðavarnir eiga sér langa sögu, eins og til dæmis í svissnesku ölpunum, en þar hafa snjóflóðarannsóknir verið stundaðar í yfir 85 ár.

Algengustu snjóflóðavarnavirki í Sviss eru í formi upptakastoðvirkja með trjárækt þar sem því verður komið við. Varnargarðar eða leiðigarðar eru notuð til að beina snjóflóðum í tiltekinn farveg, hægja á og stöðva snjóflóð. Helstu ókostir varnargarða eru þeir að þeir þarfnast töluverðs landrýmis og valda óafturkræfum breytingum á landslagi en kostur þeirra er sá að kostnaður er minni en við upptakastoðvirki.

Í frummatsskýrslunni, sem metur umhverfisáhrif snjóflóðavarnargarða á Norðfirði, eru eingöngu metnar tvær leiðir, uppkaup og snjóflóðavarnargarður með keilum. Í ljósi þessa verður maður að spyrja sig, fyrir hvern er verið að vinna skýrsluna? Er hún til þess fallin að rökstyðja þá ákvörðun sem þegar hefur verið tekin um ódýrustu leiðina, því eini annar kosturinn sem upp er gefinn er uppkaup á fasteignum, en sú leið er þrautalending sem fæstum íbúum hugnast.

Í raun og veru er frummatsskýrslan að réttlæta þá ákvörðun sem þegar hefur verið tekin og því ekki hægt að meta umhverfisáhrif annarra lausna og bera saman. Íbúar í Neskaupstað eiga rétt á því að fá að bera saman mismunandi leiðir, með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa.

Svo dæmi séu tekin frá Sviss þá virðast óafturkræfar framkvæmdir ekki njóta hyllis almennings og upptakastoðvirki mun algengari lausn, ein og sér eða með öðrum virkjum. Þá er áhugavert að skoða hvers vegna kostnaður við upptökustoðvirki á Íslandi sé 200 milljónir á hektara en 130 í Sviss. Munurinn er 54%.

Við viljum fá metið hvaða umhverfislegu áhrif það hefði að hafa upptakastoðvirki með eða án annarra mannvirkja. Jafnframt viljum við sjá mat á áhrifum framkvæmda sem

snúa að styrkingu efstu húsa byggðar sem myndu hefta snjóflóð sem mögulega geta fallið í núverandi byggð. Við viljum sjá samanburð á fleiri leiðum í stað þess að fá eingöngu samanburð milli uppkaupa og aðalkosts.

Athugasemd 7 - Ásættanleg áhætta

Sveitastjórn skal óska eftir gerð áhættumats til umhverfisráðuneytis, sem gerir samning við Veðurstofu Íslands um gerð matsins undir stjórn 4 manna hættumatsnefndar sem umhverfisráðherra skipar. Um þetta er fjallað í reglugerð 505/2000 II kafli, 3 gr. Niðurstaða matsins felur í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða, skv. 8 gr. 3 mgr. Skv. 11 gr er staðaráhætta fólks af íbúðarhúsum, skólum, barnaheimilum, sjúkrahúsum, samkomuhúsum og sambærilegum húsum talin ásættanleg ef hún er minni en 0,3 af 10.000 á ári, miðað við 75% viðveru.

Í fyrirspurnum á kynningarfundum sem haldnir hafa verið um framkvæmdirnar hefur komið fram að varnarkirkja muni veita 100% vörn gegn þeim ofanflóðum sem notuð voru til hliðsjónar við áhættumatið. Er hér verið að ganga enn lengra en lög og reglugerðir gera ráð fyrir með þeim afleiðingum að mannvirki eru stærri en lög gera ráð fyrir og áhrif breytinga meiri en ella.

Til að setja snjóflóðaáhættu í samhengi við aðra slysaáhættu er vert að kanna slysaáhættu á sjó og í umferðinni. Sjóslysum hefur fækkað mikið á síðustu áratugum, frá 203 dauðsföllum á áratug í 21 frá árunum 1971 til 2010, sem gerir 2.1 dauðsföll á ári. Fjöldi dauðsfalla vegna ofanflóða, þe skriðu- og snjóflóða, frá 1901-2000 er 193 eða um 1.93 á ári. Dauðsföllum í umferðinni hefur fækkað síðan 1974 en eru nú um 131 á áratug, eða 13.1 á ári. Þess má geta að Ísland er með meðal þjóða með hæstu tíðni sjálfsvíga í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Skv. Hagstofu Íslands eru dánartíðni vegna sjálfsvíga 36 á ári fyrir árið 2009. Ef skoðuð er tíðni síðustu 10 ára má sjá að tíðni er nokkuð jöfn.

Í samanburði við ýmsa aðrar áhættur í þjóðfélaginu er áhættan að lenda í snjóflóði nokkuð lág. Samt sem áður er gríðarleg pressa á sveitarfélög, miðað við lög Ofanflóðasjóðs nr 49/1997, að bregðast við því hættumati sem er til staðar. Snjóflóðin 3 í Neskaupstað, Súðavík og Flateyri telja 46 af þeim 52 dauðsföllum í byggð á 26 ára tímabili, eða 88.5%.

Bætt eftirlit og rannsóknir á snjóflóðum hafa aukið öryggi íbúa í byggð verulega á undanförunum áratug. Bætt tækni bíður upp á aukna þekkingu og betri spár fyrir ofanflóðum. Miðað við að núverandi hættu af ofanflóðum sé verulega minni en ýmis önnur slysaáhætta þykir það skjóta skökku hversu mikil áhersla er lögð á að lágmarka þá litlu áhættu sem er fyrir þegar slysaáhætta er margfalt meiri á öðrum sviðum í þjóðfélaginu.

Það er forvitnilegt að vita hver reiknuð áhætta væri ef aðrar leiðir væru farnar, með byggingu upptökustöðvirkja, með byggingu leiðigarða, með bættu eftirliti og rannsóknum og styrkingu húseigna. Miðað við að áhættan við núverandi ástand sé afar lítil, er ljóst að öll bygging nýrra mannvirkja minnkar nú þegar lága núverandi áhættu enn meira.

Ef horft er á þær óafturkræfu breytingar sem gerðar eru á nánustu náttúru bæjarins við byggingu varnargarðs og borið saman við lága áhættu snjóflóða er erfitt að réttlæta það jarðrask, þá áhættu á eignaspjöllum íbúa og aðrar hliðaverkanir af framkvæmdinni.

Setjum áhættuna í samhengi við aðra þætti, aukum kostnaðarvitund á óafturkræfum breytingum náttúrunnar og metum aðra kosti sem eru í boði til að lágmarka nú þegar lága áhættu enn meira.

Athugasemd 8 - Lög ofanflóðasjóðs og hlutverk

Lög ofanflóðasjóðs voru sett árið 1997 og hafa tekið litlum breytingum frá setningu laganna. Lögin voru skrifuð á skömmum tíma, upb 8 mánuðum í kjölfar vofeiglegra atburða sem áttu sér stað í Súðavík og Flateyri. Framkvæmdir sem ofanflóðasjóður stendur að byggist á hættumati á hverjum tíma sem lögð eru til grundvallar af Veðurstofu Íslands. Það er í höndum hvernar sveitarstjórnar að óska eftir framkvæmdum við snjóflóðavarnir til að bregðast við núverandi hættumati. Í reglugerð 505/2000 eru tilgreind þau tímamörk að brýnustu varnaraðgerðum vegna ofanflóða á svæði C sé lokið eigi síðar en 2020, en upphaflegt ártal var 2010.

Tekjur Ofanflóðasjóðs er árlegt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir og nemur 0.3% af váttryggingarverðmæti, vaxtatekjur og aðrar óskilgreindar tekjur.

Ofanflóðasjóður ber allan kostnað af kaupum og uppsetningu á tækjum og búnaði sem ætlað er til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama á við um hættumat og hönnun mannvirkja. Allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmd við mannvirki og allt að 60% af viðhaldi mannvirkja er greiddur af sjóðnum.

Í lögum 49/1997 er í raun gert ráð fyrir því að varnarvirki séu reist nema að uppkaup eða flutningur fasteigna sé ódýrari kostur.

Skv. síðustu ársskýrslu Ofanflóðasjóðs sem fannst á netinu, sem er frá árinu 2008, eru tekjur ofanflóðasjóðs rúmlega milljarður á ári og hefur farið hækkandi ár frá ári frá því að sjóðurinn var stofnaður. Því má gera ráð fyrir að tekjur Ofanflóðasjóðs á árinu 2016 séu ekki undir 1500 milljónum. Í lok árs 2008 var eigið fé sjóðins tæpir 6 milljarðar. Ljóst er að sjóðurinn hefur yfir að ráða óhemju háum fjárhæðum.

En hvernig skal nýta þetta fjármagn? Skv. lögum um Ofanflóðasjóð skal sjóðurinn fjármagna kaup og uppsetningu á tækjum vegna rannsókna og eftirlits á snjóflóðahættu. Þá eru fjármunir nýttir í undirbúning, hönnun og framkvæmd varnarvirkja, allt að 90%.

Ljóst er að lögin um Ofanflóðasjóð eru gölluð að því leyti að sjóðurinn framkvæmir engar rannsóknir beint sjálfur, heldur fjárfestir eingöngu í tækjum og búnaði til rannsókna. Þessi nálgun er í hróplegu ósamræmi við t.d. Ofanflóðasjóð í Sviss sem stendur fyrir og fjármagnar rannsóknir á snjóflóðum og tækni er varðar eftirlit og heftun þeirra.

Lög Ofanflóðasjóðs eru einnig gölluð af því leyti að þau gefa í raun bara tvo kosti: að kaupa upp húsnæði eða verja núverandi byggð. Sá kostur sem þykir ódýrari verður fyrir valinu. Þar sem eingöngu er horft á krónur og aura verður alltaf ódýrasta lausnin valin

þegar kemur að mannvirkjum, sem er varnargarður. Lögin banna sérstaklega sveitarfélögum að nota varnavirki til að auka byggingarland, þar sem einungis er leyfilegt að þetta núverandi byggð. Þetta ákvæði virðist til þess fallið að snjóflóðavarnargarðar á Íslandi eru yfirleitt mjög nálægt byggðinni.

Veðurstofa Íslands sér um eftirlit með snjóflóðum og ber kostnað af þeim. Eins og flestar ríkisstofnanir er reksturinn í járnum og munar stofnunina mikið um þann kostnað sem felst í eftirlitinu. Þetta er á sama tíma og Ofanflóðasjóður safnar peningum og veit vart aura sinna tal. Það er því eðlilegt að áherslan sé að mestu í fyrirbyggjandi aðgerðum í stað virks eftirlits. Tækninýjungar hafa gjörbylt snjóflóðaeftirliti og nákvæmni snjóflóðaspáa er mjög góð þótt ekki sé eingöngu hægt að stóla á slíkt.

Að auki ber Ofanflóðasjóð að bæta fyrir tjón sem ofanflóð valda á fasteignum. Það leiðir til þess að þeirra hagur er fólgin í því að verja fasteignirnar 100% óháð spjöllum á umhverfi. Markmið sjóðsins helst því hvorki í hendur við náttúrusjónarmið né öryggi fólksins því eingöngu er miðað við að tryggja öryggi fasteigna. Af því leiðir að sjálfsgöðu að áhætta fyrir slys á fólki undir varnargarði er 0% sem er töluvert meira öryggi en lög sjóðsins gera ráð fyrir. Í fyrrspurnum á kyningarfundum um varnargarðanna kom fram að garðar eigi að standast mestu snjóflóð sem reiknilíkön gera ráð fyrir og veita 100% öryggi undir gördunum. Lögin tala eingöngu um að auka öryggið upp að vissu marki, ekki tryggja það 100%. Af þessu leiðir að sjóðurinn byggir stærri garð en lögin gera ráð fyrir.

Byggingaland í Neskaupstað er af skornum skammti, enda núverandi íbúabyggð að mestu á hættumatssvæðum B og C. Afar fáir möguleikar eru á að þetta byggð innan núverandi byggðarkjarna, nema við núverandi jaðra. Óvarin hús í bakkahverfinu eftir að garðar hafa verið reistir liggja á A og B hættusvæðum og því ekki leyfilegt að byggja á hluta þess lands. Byggðir á landsbyggðinni sem liggja á svæðum innan hættumats ofanflóðasjóðs hafa því litla sem enga möguleika á vexti til framtíðar nema þau hafi aðgang að nýju byggingarlandi sem eru utan við núverandi hættumat.

Núverandi lög eru forsenda allra ákvarðana og aðgera sem framkvæmdar eru. Sveitarfélög eru bundin af lögunum varðandi ákvarðanir um aðgerðir til að bregðast við hættumatinu. Í 22 gr. reglugerðar 505/2000 er tilgreint að varnir gegn ofanflóðum séu eingöngu reistar til þess að auka öryggi fólks á svæðum sem eru í byggð. Núverandi lög virðast þjóna tryggingalegum forsendum meira en markmiðum íbúa sveitarfélagsins varðandi vöxt og framtíðarhorfur sveitarfélagsins og landsbyggðarinnar.

Athugasemd 9 - Önnur virki við snjóflóðavarnir

Við mat á umhverfisáhrifum eru ekki metin varanleg mannvirki sem geta komið af stað litlum snjóflóðum til að létta á snjómagni og hefta stærð mögulegra snjóflóða. Þekktar eru sjálfvirkar gasbyssur sem koma af stað litlum snjóflóðum þegar tiltekinni snjódypt er náð. Með því má hefta snjósöfnun á tilteknum hættusvæðum sem erfitt getur verið að koma öðrum mannvirkjum fyrir, svo sem upptakastoðvirkjum.

Engin slík mannvirki voru tilgreind né metin í frummatsskýrslunni.

Athugasemd 10 - Ending varnarvirkja

Viðhald af snjóflóðavarnarmannvirkjum er á ábyrgð sveitarfélags skv. 10. gr. 3. málsgrein laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Ofanflóðasjóður getur greitt allt að 60% af viðhaldskostnaði mannvirkjana en sveitarfélagið sér um amk. 40% af kostnaði.

Frummatsskýrslan tekur ekki á því hver ending slíkra mannvirkja er og hvort slíkt geti haft áhrif á umhverfi s.s. ryð á vírvirkjum, skemmdir vegna snjó- eða skriðufalla eða annarra áhrifa.

Opinber skjöl gera ráð fyrir að snjóflóðavarnargarðar þarfnist viðhalds eftir upb 100 ár og endist í nokkur hundruð ár. Ekki hafa verið gerðar athuganir eða áætlanir um hver endingartími upptakastoðvirkja sé og var hvergi hægt að finna í opinberum skjölum áætlanir um slíkt sérstaklega.

Endurkomutími áætlaðra snjóflóða í Nesgili og Bakkagili er áætlaður 300-3000 ár, eða 300-1000 í Mýrarhverfi en 900-3000 í Bakkahverfi, skv. kafla 3.3.5.1 í frummatsskýrslu. Að sjálfsögðu er hér um mat að ræða miðað við tilteknar forsendur, en gert er ráð fyrir svipuðum flóðum og 1974 á 200 ára fresti undan Nesgili og 700-1000 ára fresti undan Bakkagili.

Það er deginum ljósara að enginn óskar eftir slysförum en við búum í strjábýlu landi í nánd við náttúruna í allri sinni fegurð og dýrð. Allsstaðar eru hættur til staðar og eðlilegt er að lágmarka þá áhættu eins og kostur er innan skynsamlegra marka. Eyðilegging náttúrunnar með óafturkræfum aðgerðum getur vart talist til skynsamlegra leiða, séu aðrar leiðir í boði. Skoðum kosti og galla annarra leiða áður en farið er í framkvæmdir sem eru ekki afturkræfanlegar.

Sé miðað við að ending garðs sé um 300-400 ár má gera ráð fyrir því að garður sá sem byggður sé kunni að nýtast 1-2 til að stöðva stórt flóð undan Nesgili en einungis 0.3 undan Bakkagili. Það má því gera ráð fyrir því að undan Bakkagili þurfi að endurbyggja varnargarð 3 sinnum áður en hann stöðvar sambærilegt flóð og árið 1974.

Metum endingartíma upptakastoðverkja og viðhaldskostnað til að fá heildarmyndina. Metum kostnað við viðhald varnargarðanna enda lendir kostnaður að miklum hluta á sveitarfélaginu en ekki ofanflóðasjóði.

Athugasemd 11 - Óafturkræfar breytingar vegna framkvæmda

Náttúruunnendur víðsvegar um heiminn gera sífellt meiri kröfur til framkvæmda og að hróflun náttúru lands sé haldið í lágmarki þegar um stærri framkvæmdir sé að ræða. Á þetta sérstaklega við um óafturkræfar aðgerðir sem munu ekki eingöngu liggja eftir okkar daga heldur barna okkar og barnabarna.

Það er sárt að horfa upp á skýrslur um snjóflóðavarnargarða þar sem metnir eru þeir kostir sem í boði eru og eina mælistikan sem notuð er í samanburðinum er kostnaður í

krónum og aurum. Náttúran er einskis metin við samanburð á kostum fyrir utan hinar svokölluðu mótvægisáðgerðir sem miðast við að réttlæta tiltekinn kost.

Kostir þess að búa á Íslandi eru fjölmargir ásamt ýmsum ókóstum. Að búa í strjálbýli, smærri bæjum hefur ýmsa ókosti er varða afþreyingu og almenna þjónustu en stærsti kosturinn er nálægðin við náttúruna. Í þessu liggja óteljandi tækifæri er varða ferðaþjónustu, sjálfbæra ræktun, almenna útivist og nýtingu ýmissa afurða eins og bláberja og aðalbláberja. Sóknarfæri landsbyggðarinnar felast einmitt í þessu gildum og nálægð við náttúruna.

Eftir 30-40 ár þarf næsta kynslóð að svara fyrir þau umhverfisslys sem núverandi kynslóð skilur eftir sig. Helsta vopn ofanflóðasjóðs, varnargarður með súlum, verður gagnrýndur af komandi kynslóðum með einföldum spurningum eins og „afhverju var farið í framkvæmdir með óafturkræfum breytingum þegar aðrar leiðir stóðu til boða?“.

Þessu verður hver og einn að svara en ég vil geta afhent börnum mínum náttúruna eins óbreytta og mögulegt er. Að þau fái að njóta og upplifa náttúruna frá sinni eigin hendi, en ekki eingöngu tilbúna náttúru rétt eins og börn höfuðborgarinnar.

Af hverju eru óafturkræfar breytingar á náttúru landsins ekki metnar sem verðmæti þegar kostir varnarkræfa eru metnir?

Athugasemd 12 - Varnargarður á púðum

Í skýrslu Verkís er þess getið að jarðkannanir hafi verið gerðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þ.e. garðs og keilna með 100 metra millibili. Í kafla 5.4.3 er tilgreint að jarðdjúpt sé á mýrarsvæðinu og að ekki hafi verið grafið niður úr jarðvegslagi. Í kafla 5.6.2 er tilgreint að einungis í þremur holum hafi verið komið niður á fasta klöpp. Verkís bendir á að vegna þessa sé hætt við að garðurinn sigi meira undan eigin þunga en á öðrum svæðum. Því er lagt til að sá hluti garðsins sem komi til með að síga verði aðskilin öðrum hlutum garðsins svo hann geti sigið sjálfstætt. Þá er einnig lagt til að sá hluti garðsins sem sigi skuli látinn síga í einn vetur áður en framkvæmdir við aðra garða hefjist. Þetta þýðir að framkvæmdir við garðinn lengjast um allt að eitt ár, en hvergi er komið að þessari lengingu í frummatsskýrslunni.

Ljóst er að þessu að hluti garðsins mun sitja á púða sem getur haldið áfram að síga. Í frummatsskýrslu, kafla 3.2.1, er þess getið að garðurinn verði líklega á 3-10 metra þykkum malar- eða grjótpúða vegna mögulegs sigs. Ekki virðast hafa verið gerðar neinar rannsóknir eða gerður samanburður við aðrar framkvæmdir sem fljóta á malar- eða grjótpúða, til að setja fram mótvægisáðgerðir, koma með áætlun hvornig tryggja eigi vatnslosun og meta afleiðingar vatnsþrýstings á húsgrunna og mannvirki. Það verður að teljast eðlilegt að leitað sé til sérfræðinga sem staðið hafa að svipuðum framkvæmdum hér innanlands, t.d. stíflugerða og vegagerðar, til að meta áhrifin á mannvirki neðan við varnargarð.

Ekki er vísað til þess í skýrslunni að aðrir snjóflóðavarnargarðar hafi verið byggðir með þessu hætti, fljótandi á púðum. Rökstuðningur sést að sama skapi hvergi sem styður ætlaða þykkt púða né áætlanir varðandi vatnslosun á því jarðvatni sem safnast fyrir

undir honum. Það er algert grundvallaratriði að gögn, studd með rannsóknum af sambærilegum framkvæmdum, séu lögð fram og þau staðfærð á þann máta að hægt sé að heimfæra yfir á væntalegar framkvæmdir. Þess vegna er enn mikilvægara að afleiðingar þess séu rannsakaðir ofan í kjölinn áður en hafist er handa.

Athugasemd 13 - Jarðrask og efnistaka

Skv. kafla 3.3.6.2 er ráðgert að taka 175.000 m³ af jarðefni ofan við núverandi varnargarða í Tröllagili og Drangagili. Til að setja þessa tölu í samhengi myndi þetta magn jarðefnis rúmast í rúmlega tveimur Fjarðabyggðahöllum.

Í sama kafla er áætlað heildarmagn jarðfylliefnis í garð og keilur séu um 400.000 m³, eða tæplega 5 Fjarðabyggðahallir. Raskað svæði er 95.000 m², eða 19 fótboltavellir.

Í kafla 3.3.6.2 er áætlað að nýta sem mest efni úr skeringum ofan garðsins til að lágmarka akstur inn og út af svæðinu, sem eykur kostnað og veldur íbúum óþægindum. Nokkur óvissa ríkir um nýtingu jarðefnis þar sem óvíst er hversu vel gengur að þurrka mýrarjarðveg.

Ljóst er á þessum tölum að um verulegt jarðrask er að ræða, allt óafturkræfar aðgerðir. Svæðið sem fyrirhuguð mannvirki undir Nes- og Bakkagili munu rísa á, er tvöfalt stærra en svæðið við Urðarbotna og jafnstórt og upptakasvæði beggja giljanna til samans.

Athugasemd 14 - Staðsetning varnargarðs og keilna

Þar sem eingöngu tvær leiðir voru kannaðar í frummatsskýrslunni er ekki hægt að gera sér grein fyrir þeim umhverfisáhrifum og kostnaði sem færsla garðsins ofar í fjallið hefði, auk annarra leiða sem í boði eru.

Núverandi tillögur gera ráð fyrir að garðurinn sé nálægt húseignum og hafa því mun meiri umhverfisáhrif en ella, bæði vegna mögulegra grunnvatnsbreytinga og sjónrænna áhrifa fyrir efstu húsin.

Ástæðan fyrir þessu er augljós þegar lög Ofanflóðasjóðs eru rýnd en þar kemur skýrt fram að varnargarða megi ekki nýta til að auka byggingasvæði, einungis má þetta þá byggð sem er fyrir. Af þessu leiðir að varnargarðar sem byggðir eru við núverandi íbúðarbyggð er til þess eins fallinn að verja húseignir sem til staðar eru, en má ekki nýta til þess að auka byggingarland.

Með því að færa garð og/eða keilur ofar, útbúa leiðigarða, setja upp upptakastoðvirki mætti gjörbreyta umhverfisáhrifum á fasteignir efst í byggðinni og minnka þá óvissu sem núverandi framkvæmdir hafa.

Athugasemd 15 - Tímamörk framkvæmda

Skv. reglugerð 505/2000 eru tímamörk færð fram um 10 ár, til ársins 2020, til að klára framkvæmdir um að verja núverandi byggð sem er á hættusvæðum C og B skv. núverandi hættumati. Ljóst er af þessu að pressa er á sveitastjórnir að hefja framkvæmdir við varnarvirki til að vera innan þessa tímaramma.

Hins vegar er einnig ljóst að miðað við tímaramma þá er þetta kapphlaup við tímann og einungis til þess fallið að minnka gæði þeirra vinnubragða sem þörf er á við slíkar stórfamkvæmdir, eins og gerð snjóflóðavarnargarða er. Frummatsskýrslan ber þess glögglega merki, þar sem engar rannsóknir voru gerðar á grunnvatnsstöðu og hreyfingum, jafnvel þótt ljóst væri að garðurinn sæti að stórum hluta á púðum og áhrif á grunnvatn og flæði væri óljós.

Að sama skapi er ljóst að þegar skýrslan er lesin að eingöngu tveir valmöguleikar standa til boða og er annar möguleikinn í raun ekki valhæfur, en hann snýr að uppkaupum fasteignum og hlýtur að teljast þrautalending.

Það er ósköp eðlileg krafa að vönduð vinnubrögð séu í hávegum höfð við frummatathuganir sem slíkar og að almenningur hafi kost á að meta mismunandi leiðir.

Í ljósi þess að tímamörk laganna hafa þegar verið færð aftur um 10 ár þá er ljóst að tímamörkin eru lausbundin og hafa engin raunveruleg mörk önnur en þau sem alþingismenn og ráðherrar setja. Vinnum vinnuna okkar, framkvæmum vandaðar athuganir á mögulegum kostum, ef ekki sjálfs okkar vegna þá barnanna okkar vegna.

Heimildir

http://www.slf.ch/forschung_entwicklung/lawinen/lawinenschutz/index_EN

https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/arsskyrsla-ofanflodasjodur.pdf

http://www.efla.is/images/stories/Nesgil_Bakkagil/1860-045-03-UHM-001-V01-Frummatssk_Nesgil_og_Bakkagil.compressed.pdf

http://www.efla.is/images/stories/Nesgil_Bakkagil/Vidauki_5_NB_frumathugun%20Verkis.compressed.pdf

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997049.html>

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/505-2000>

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__Faeddirdanir__danir__danarmein/MAN05301.px/table/tableViewLayout1/?rxid=586fd7be-b8d3-4610-b18b-18795959f580

Niðurlag

Það er deginum ljósara að enginn óskar eftir slysförum en við búum í strjábýlu landi í nánd við náttúruna í allri sinni fegurð og dýrð. Alls staðar eru hættur til staðar og eðlilegt er að lágmarka þá áhættu eins og kostur er innan skynsamlegra marka. Eyðilegging náttúrunnar með óafturkræfum aðgerðum getur vart talist til skynsamlegra leiða. Skoðum kosti og galla annarra leiða áður en farið er í framkvæmdir, sem eru skv. lögum ekki ætlaðar til neins annars en að vernda byggingar. Snjóflóð hafa fallið með afleiðingum fyrir fólk, af húspökum og smábökkum inni í þéttbýli. Það er engin skynsemi í 100% verndun hvorki kviks né jarðfasts og hvað þá þegar engan veginn er búið að sýna fram á að verndin sjálf hafi engin áhrif á það sem vernda á. Það skýtur einnig skökku við að engar frumathuganir á svæðinu gagnvart jarðvatni og öðru slíku hafi enn farið fram. Dæmi eru nú þegar um ætlaðar skemmdir á húseignum vegna sambærilegra framkvæmda sem líklega hafa breytt grunnvatnsstöðu. Orðin „líklega“ og „ætlaðar“ eru notuð vegna þess að engar mælingar fóru fram áður en framkvæmdir hófust og tjónþoli þarf að sanna að breytingin hafi orskað tjónið. En þrátt fyrir þessa vitneskju þá eru breytingar á verklagi hvergi sjáanlegar. Það er verulega ámælisvert og merkilegt ef til þess kæmi að framkvæmdir á vegum Ofanflóðasjóðs stuðli beinlínis að tjónum húseigna á svæðinu og það má ekki verða.

Krafa undirritaðra er þessi:

Hefjist handa við nauðsynlegar umhverfismælingar á svæðinu og frestið fyrirhuguðum framkvæmdum þar til skýrara ljós varðandi mögulegar afleiðingar koma fram.

Arnar Baldursson

Arnar Guðmundsson Heiðmann

Dagfinnur Smári

Egill Arnaldur Ásgeirsson

Guðjón Björn Guðbjartsson

Hrefna Zoega

Hrönn Hilmarsdóttir

Ingibjörg Þórðardóttir

Sindri Karl Sigurðsson

Stefán Karl Guðjónsson